

**129** til þess að geta skotið íslenskum málum til hæstarjettar sem æðsta dómstóls  
 10. nóv. svo mikil hlunnindi fyrir Ísland, að það væri ógæfa að missa þau og mjög ó-  
 viturlegt að sleppa þeim sjálfviljugur, og að við þetta bætist, að sameiginlegur  
 æðsti dómstóll sje svo mikils varðandi liður í hinu stjórnarlega sambandi milli  
 Íslands og konungsríkisins, að breyting á þessu sje að yðar álitni naumast hugs-  
 anleg, nema í sambandi við svo verulega breytingu á öðru stjórnarfyrirkomu-  
 lagi, eins og til er ætlaðt í frumvarpi því til stjórnarskipunarlaga, sem alþingi  
 nú á ný hefir samþykkt. Ráðaneytið, sem er yður samdóma um það, er þjer  
 þannig hafið fram tekið, verður einnig að álíta, að þegar með tilliti til sjerstak-  
 legra hagsmuna Íslands, þótt ekkert tillit sje tekið til tormerkja þeirra, sem  
 vegna rikiseiningarinnar mætti telja á það, að afnema stöðu hæstarjettar sem  
 æðsta dómstóls í íslenskum málum, sje slík tilbreyting óráðleg. Ráðaneytið  
 hlýtur að álíta það svo mikinn hag fyrir landið að eiga kost á því, að fá úr-  
 skurði hinna núverandi dómstóla kannaða af yfirdómstóli slíkum sem hæstirjett-  
 ur ríkisins er, sem bæði að því er dómendur snertir og undirbúning þann og  
 málaflutning, sem þar er kostur á, veitir tryggingu, sem er meiri en svo, að  
 audið verði að fá nándar nærri viðlíka mikla á Íslandi svo langt sem sjeð  
 verður fram í tímann, að langt sje frá að upp á móti því geti vegið misfellur  
 þær, sem stafað geta sumpart af hinni miklu fjarlægð Íslands frá dómstaðnum,  
 sumpart af því, sem í einstökum tilfellum getur komið fyrir, en ekki getur  
 kveðið verulega að, að rjetturinn eigi örðugt með að ná fullum skilningi á  
 lífsháttum, hugsunarhætti og þessháttar, sökum þjóðernisafbrigða.

Í allra þegnsamlegustum tillögum sínum hefur ráðgjafinn því lagt það til  
 við hans hátign konunginn, að frumvarp þetta nái ekki allrahæstri staðfest-  
 ingu, og hefur hans hátign í dag allramildilegast þóknast að samþykkja þá  
 tillögu.

Þetta er hjer með þjónustusamlega tilkynnt yður til þóknanlegrar leið-  
 beiningar og birtingar í B-deild Stjórnartíðindanna.

**130** Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um synjun konungs-  
 10. nóv. staðfestingar á stjórnarskrárfrumvarpi. -- Eptir að frumvarp það til stjórnarskip-  
 unarlaga um hin sjerstöku málefni Íslands, er samþykkt var á alþingi 1893,  
 hafði aptur verið borið upp af þingmanna hálfu, rætt og samþykkt óbreytt  
 á aukþingi því, sem haldið var síðastliðið sumar samkvæmt opnu brjefi 29.  
 sept. f. á. eptir þingrof og nýjar kosningar, hafið þjer, herra landshöfðingi, með  
 þóknanlegu brjefi, dags. 7. sept. þ. á., sent frumvarp þetta hingað, og að því  
 er snertir ákvörðun þá, er stjórnin að svo vöxnu máli eigi að taka, hafið þjer  
 látið yður nægja að skírskota til yfirlýsingar þeirrar, sem þegar er fram kom-  
 in í allrahæstri auglýsingu til Íslendinga 15. desbr. f. á. um það, að frumvarp  
 þetta geti ekki náð allrahæstri staðfestingu, jafnvel þótt það yrði samþykkt  
 einnig af hinu nýkosna alþingi, og af hverjum ástæðum.

Í samræmi við þetta hefur hans hátign konunginum samkvæmt allra-

þegnsamlegustum tillögum ráðaneytisins í dag þóknast að samþykkja, að hið 130 umrædda frumvarp til stjórnarskipunarlaganna um hin sjerstöku málefni Íslands 10. nóv. hljóti ekki konungsstaðfestingu.

Þetta er yður hjer með þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar í B.-deild Stjórnartíðindanna.

**Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um synjun konungsstaðfest- 131 ingar á lagafrumvarpi um háskóla.** — Með þóknanlegu brjefi, dags. 11. nóv. f. á. hafið 10. nóv. þjer, herra landshöfðingi, sent hingað lagafrumvarp, er borið hefur verið upp af þingmanna hálfu og samþykkt á alþingi 1893, um stofnun háskóla í Reykjavík.

Um lagafrumvarp þetta hafið þjer tekið fram, að hið nýja, sem með því sje tilætlað að innleiða, sje í verunni ekki annað en stofnun lagaskóla, eins og var í frumvarpi því um stofnun landsskóla, sem samþykkt var á alþingi 1883, og hafið þjer meðal annars bent á, að launin til kennendanna við lagaskólann sjeu svo af skornum skammti, bæði í samanburði við laun annara lögfræðislegra embættismanna, og við laun kennara, ekki að eins við læknaskólann og prestaskólann, heldur einnig við latinuskólann, að það mundi gjöra ómögulegt að fá viðunanlega kennslukræpta. Ennfremur hafið þjer tekið fram, að þjer sjáið ekki betur, en að sömu ástæður, sem voru þess valdandi, að frumvarpi alþingis 1883 um stofnun landsskóla var synjað staðfestingar, hljóti að leiða til, að þessu frumvarpi verði einnig hafnað.

Þessu er ráðaneytið að öllu leyti samdóma. Með því að lagafrumvarpið, þrátt fyrir fyrirsögnina, væntanlega í viðurkenningu um það, að stofnun vísindalegs háskóla mundi langsamlega vera ofvaxin fjármagni landsins, í raun og veru að eins stefnir að stofnun lagaskóla í líkingu við prestaskólann og læknaskólann í Reykjavík, en ráðaneytið getur ekki fremur nú en fyrr aðhyllt það, að heppilegt sje að slík stofnun sje sett á fót á Íslandi, og það af ástæðum, sem óptsinnis hafa verið gjörðar heyrum kunnar, síðast, að því er snertir stofnun lagaskóla út af fyrir sig, í ráðherrabrjefi 24. maí f. á. (Stjt. B. 1893, bls. 65) og að því er snertir stofnun háskóla, er auk lagaskóla fyrst um sinn að eins ætti að yfirgrípa kennslustofnanir þær, sem þegar eru til, í ráðherrabrjefi 31. marz 1884 (Stjt. B. 1884, bls. 99), þá hefur ráðaneytið í allraþegnsamlegustum tillögum sínum um málið lagt það til, að frumvarpið öðlist ekki allrahæsta staðfestingu, og hefur hans hátign konunginum í dag þóknast allramildilegast að samþykkja þessa tillögu.

Þetta er hjer með þjónustusamlega tjáð yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar í B.-deild Stjórnartíðindanna.

**Brjef landshöfðingja til amtmannsins í norðuramtinu og austuramtinu um 132 breyting á aðalpostleið.** — Eptir að hafa fengið þóknanlegt brjef amtsins, dags. 12. nóv. 30. ágúst þ. á. og þar með fylgjandi útdrátt úr fundargjörð sýslunefndar Austur-Skaptafellssýslu 30.—31. maí þ. á., vil jeg hjer með samþykkja, að postleiðinni gegn um Hofshrepp verði breytt þannig, að í stað vegarins frá Grændýja-